



4. apríl 2024

Ávarp Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, á 63. ársfundi bankans 4. apríl 2024

Hæstvirtur forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, forseti Alþingis, sendifulltrúar erlendra ríkja, seðlabankastjóri, aðrir stjórnendur og starfsmenn Seðlabankans og tilheyrendur. Ég set hér með sextugasta og þriðja ársfund Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn stuðla að stöðugu verðlagi, fjármála-stöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þrjár nefndir, skipaðar seðlabankastjóra, varaseðlabankastjórum og utanaðkomandi sérfræðingum taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja og aðrar mikilvægar ákvarðanir. Seðlabankastjórar og varaseðlabankastjórar taka jafnframt sameiginlega ákvarðanir skv. 3. mgr. 3 gr. laga um Seðlabanka Íslands. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á starfsemi bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum mál-efnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Ásgeir Jónsson hefur gegnt starfi seðlabankastjóra frá 2019 og hefur nú verið endurskipaður til annarra fimm ára frá ágúst n.k. Rannveig Sigurðardóttir var varaseðlabanka-stjóri peningastefnu á árinu, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjár-málastöðugleika, og Unnur Gunnarsdóttir var varaseðlabankastjóri fjármála-eftilrits þar til að hún lét af störfum í byrjun maí, en Björk Sigurgísladóttir var skipuð varaseðlabankastjóri fjármálaeftilrits frá þeim tíma. Sú breyting varð á skipan peningastefnunefndar í febrúar 2023 að Ásgerður Pétursdóttir var skipuð í nefndina í stað Gylfa Zoëga sem setið hafði í henni frá upphafi eða

frá árinu 2009. Fyrir á þessu ári hvarf Guðrún Þorleifsdóttir úr fjármálaeftirlitsnefnd og var Erna Hjaltsted skipuð í nefndina í stað hennar.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. grein laga um Seðlabankann svo sem að staðfesta ársreikning bankans. Í árslok 2023 var bankaráð þannig skipað að aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir varaformaður ráðsins, Arnar Bjarnason, Sigríður Á. Andersen, Kirstín Þ. Flygenring, Sigurjón Arnórsson og Þorsteinn Víglundsson. Formaður ráðsins var sá sem hér stendur. Bankaráð hélt 12 fundi á árinu.

Breytingar voru gerðar á lögum um Seðlabanka Íslands í júní sl. Þær sneru að afmörkun á verkefnum fjármálaeftirlitsnefndar. Fyrir lagabreytinguna var nefndinni falið að taka allar ákvarðanir sem faldar voru fjármálaeftirliti í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þá gat nefndin framselt vald sitt til töku ákvarðana sem ekki töldust meiri háttar til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits. Með breytingunni 2023 var valdsvið nefndarinnar skýrt og um leið stuðlað að auknum skýrleika í stjórnslu á sviði fjármálaeftirlits. Jafnframt var formennsku nefndarinnar breytt og seðlabankastjóra falin formennska til samræmis við aðrar nefndir bankans, í stað varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits. Fram að því hafði seðlabankastjóri tekið sæti í nefndinni sem formaður við umfjöllun um sérstaklega skilgreind mál. Breytingin á lögum var til komin vegna ábendinga í skýrslum sérfræðinganefnda sem tóku út starfsemi bankans og nefnda hans í samræmi við ákvæði í lögum um Seðlabankann.

Skipulag bankans breyttist nokkuð á árinu. Kjarnasviðum bankans var fækkað úr sjö í fimm og breytingar gerðar á stoðsviðum og verkefnum þeirra. Skipulagsbreytingarnar voru eðlilegt framhald af sameiningu Seðla-

bankans og Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 2020 og samþættingu starfseminnar.

Á árinu lauk yfirgripsmikilli úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku fjármálakerfi, svokallaðri FSAP-úttekt. Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar býr íslenska fjármálakerfið yfir nægilegum viðnámsþrótti til að standast veruleg áföll og regluverk á fjármálamarkaði og fjármálaeftirlit eru á heildina litið fullnægjandi. Að mati sjóðsins eru þó jafnframt tækifæri til úrbóta og á grundvelli skýrslanna voru settar fram margvíslegar tillögur um hvernig styrkja mætti fjármálakerfið og umgjörð þess frekar sem mun nýtast Seðlabankanum og öðrum haghöfum til frekari framþróunar. Allar skýrslur tengdar úttektinni voru birtar á vef bankans og um hana var fjallað í ritum bankans.

Samkvæmt rekstrarreikningi bankans var tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2023 rúmir 13 milljarðar króna en til samanburðar nam tap ársins 2022 rúmum 18 milljörðum króna. Tapið af rekstri bankans 2023 má að mestu leyti rekja til neikvæðs vaxtjafnaðar og hækkunar á gengi krónunnar. Erlendar og innlendar vaxtatekjur jukust mikið vegna hærri vaxta bæði innanlands og erlendis. Hrein vaxtagjöld breyttust óverulega á milli ára. Rekstrargjöld bankans voru rúmlega 8 milljarðar króna, lítillega meira en árið á undan. Þá voru rekstrartekjur á árinu hærri en árið áður eða rúmum 3,9 milljarðum króna. Eignir bankans námu 827 milljörðum króna í lok ársins, sem er 48 milljörðum króna lægri fjárhæð en í lok ársins 2022. Eignirnar eru sem fyrr að langstærstum hluta erlendar en skuldir og eigið fé að mestu í íslenskum krónum og afkoma bankans því mjög næm fyrir hreyfingum á gengi krónunnar. Eigið fé lækkaði um 14,5 milljarða króna og var um 101 milljarður króna í árslok. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 milljarðar króna á árinu 2023.

Í lok árs 2023 voru 311 starfsmenn í Seðlabankanum. Kynjahlutfallið hélst áfram nokkuð jafnt og jafnlaunagreining leiddi áfram í ljós að enginn marktækur, óútskýrður launamunur var á milli kynjanna. Á árinu var áfram unnið markvisst að loftlags- og sjálfbærnimálum bæði í faglegu starfi og í rekstri bankans.

Framkvæmdum var haldið áfram við viðhald og endurnýjun húsnæðis bankans. Framkvæmdir á árinu voru að mestu leyti við endurbætur á viðbyggingu í húsnæði bankans og stefnt er að því að þeim ljúki síðar á árinu. Endurbótum á aðalbyggingu var að mestu lokið áður.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemi bankans og afkomu má finna í ársskýrslu fyrir árið 2023 sem birt var í dag á vef bankans. Ég þakka starfsmönnum bankans fyrir gott starf og samstarf á árinu 2023.

Ég þakka jafnframt sérstaklega fulltrúum í bankaráði fyrir gott samstarf, einnig varaseðlabankastjórum, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda. Ég þakka Unni Gunnarsdóttur sem lét af af störfum sem varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits á árinu eins og fyrr er getið fyrir störf hennar í bankanum og áður í Fjármálaeftirlitinu til fjölda ár. Þá færi ég seðlabankastjóra, Ásgeiri Jónssyni, þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Seðlabankastjóri flytur ársfundarræðu sína hér á eftir en fyrst skulum við hlýða á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.